

Stuðningsfjölskylda óskast á Þórshöfn

Óska eftir stuðningsfjölskyldu eða „ömmu“ fyrir 8 ára son minn sem er með ódæmigerða einhverfu.

Stuðningurinn felst í helgarpössun öðru hvoru til að létta á álagi og sem tilbreytingu fyrir hann. Einnig að geta leitað til fjölskyldunnar þegar ég er á bakvöktum, ef það kemur útkall.

Um er að ræða 4 sólahringa á mánuði að meðaltali.

Frekari upplýsingar veitir:

Anna Lilja (móðir) – s: 6959720

Sigríður Hauksdóttir (Verkefnastjóri - Virkni) – s: 4646100,
siggahauks@nordurthing.is



Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 19. október 2016.

Gjaldskrá: Hálsíða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
40. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 12. október 2016

Skúlagarður

22. október 2016

Haustréttarball

Kótilettukvöld

Kl. 20:00 Matur að hætti hússins

kótilettur, grænar og rabbi

kannski fer einhver með gamanmál

Gott væri að fá að vita hve margir ætla sér að fá kótilettur og grænar.

Og þá að hringja í Rögggu í síma 465-2299

og eða 866-3595 fyrir lok dags 17. október.



Og hver ætli leiki fyrir dansi annar en

Geirmundur

Ball hefst svo ca 23:00 og stendur til ca 03:00

Verð fyrir mat og ball 3.950 isk (31€).

Aldurstakmark 18 ára

Auglýst er eftir umsóknum um styrki til verkefna í tengslum við verkefnið „Öxarfjörður í sókn“

Verkefnisstjórn í „Öxarfjörður í sókn“ auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki í verkefni sem falla að áherslum ofangreinds verkefnis.

Þrennt ber að hafa í huga við umsókn:

- Kynnið ykkur markmið og áherslur styrkjaúthlutana í Brothættum byggðum, http://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklýsings/bb2-vidauki-v-styrkir-utg-2-1-mars-2016.pdf
- Kynnið ykkur áherslur og markmið verkefnisins, http://www.atthing.is/samstarfsverkefni/brothaettar-byggdir/oxarfjordur-i-sokn/framtidsyn_maginmarkmid_starfsmarkmid_oxarfjordur/
- Notist við sniðmát fyrir umsóknir, <http://www.atthing.is/samstarfsverkefni/brothaettar-byggdir/oxarfjordur-i-sokn/>.

Athugið að ekki er krafist mótframlags frá umsækjanda en það styrkir umsókn ef verkefnið laðar fram krafta aðstandenda verkefnisins og/eða leiðir til samstarfs aðila sem að jafnaði starfa ekki saman.

Umsóknum um styrki skal skilað á tölvutæku formi, á netfangið silja@atthing.is fyrir klukkan 09:00, mánudaginn 31. október 2016.

Nánari upplýsingar og ráðgjöf veitir Silja Jóhannesdóttir verkefnisstjóri í síma 8661775 eða á netfanginu silja@atthing.is.

Öxarfjörður í sókn - Brothættar byggðir

Grenjanesviti á Langanesi 🐾

Næsta ferð á vegum Ferðafélagsins Norðurslóðar verður farin næstkomandi sunnudag, þann 16. október.

Gengið verður frá Sauðanesi út í Grenjanesvita. Sagðar verða sögur af ýmsum mannvirkjum og menningarminjum sem eru á leiðinni. Mæting við Sauðaneshúsið kl. 13:00.

Gangan er um 8 km á sléttlendi og góðum vegi. Fróðleg og hressandi útivist nær veturnóttum. Ekki sakar að hafa með sér nesti og heitan drykk á brúsa.



Þetta er síðasta skipulagða gangan á árinu, en Ferðafélagið tekur þráðinn upp aftur í janúar. Þrátt fyrir það er fólk hvatt til að fara út að hreyfa sig og njóta útivistar sem oftast. Það er sannað mál hversu gott það er fyrir líkama og sál.

Kosningamiðstöð

Samfylkingin opnar kosningamiðstöð á veitingahúsinu Fjaran á Húsavík næstkomandi sunnudag, 16. október.

Frambjóðendur mæta á staðinn og spjalla við gesti. Húsið opnar 15:00 og vöflukaffi í boði. Allir velkomnir!

Kjósum heilbrigðara samfélag
Kjósum Samfylkinguna

